

42. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund föstudaginn 12. nóvember 2002 kl. 18:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir voru: Gretar D. Pálsson,
Dagný Þórisdóttir,
Guðmundur Kristinsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Kristján Gunnlaugsson,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Hafnargata 13. Viðgerðir og endurbætur.

Viðgerðir og endurbætur samþykktar samhljóða leyfisgjald 2.500 kr.

2. Áskinn 1. Jens Óskarsson, sækir um stöðuleyfi fyrir 20 feta gámi.

Erindinu hafnað á þeim forsendum að geymslugámar eiga ekki rétt á sér í íbúðabyggð, nema um tímabundnar byggingaframkvæmdir eða viðhald á húseignum sé að ræða.

Byggingarfulltrúa falið að finna heppilegan stað fyrir gáminn, á þar til gerðum svæðum.

3. Silfurgata 43. Páll Vignir Þorbergsson, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu.

Leyfi fyrir viðbyggingu samþykkt, byggingarleyfisgjald kr. 126.871-

4. Tangagata 8. Niðurstaða grenndarkynningar.

Niðurstaðan er sú að engin athugasemd barst.

Miklar umræður urðu um umsóknina og atkvæðagreiðsla fór fram, atkvæðagreiðsla 1 atkvæði gegn 1 og 3 sátu hjá. Umsókninni er því hafnað, af þeim megin forsendum að sérstök frístundarhús eiga að vera á þar til gerðum svæðum.

5. Önnur mál.

1. Greinargerð lögð fram.

Lögð var fram greinargerð um vettvangsferð skipulags- og byggingarnefndar þann 11. september sl. og hún samþykkt.

2. Nýrækt. Staðsetning á gámum.

Formaður bendir á að staðsetning gáma Guðmundar Benjamínssonar í Nýrækt er ekki samkvæmt reglum um leyfilega fjarlægð frá háspennulínu að öðrum mannvirkjum. Einnig þarf að athuga staðsetningu skúra Skógræktar Stykkishólms.

3. *Umferðarmál voru rædd og bent var á að þörf væri á biðskyldumerki við Nestún, Áskinn og Neskinngagnvart Ásbrú umræður fóru fram um merkingar. Samþykkt samhljóða.*

4. *Gretar sagði frá verkefni sem umhverfisskipulagsbraut í landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri er að fara vinna að, varðandi byggðaþróun í Borgarnesi og Stykkishólmi.*

5. Malarnáma.

Rætt var um erindi bæjarráðs um staðsetningu á malarnámu.

Samkvæmt ný samþykktu aðalskipulagi þá er ekki gert ráð fyrir efnistökusvæði.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:15.

Gretar D. Pálsson (sign.),

Dagný Þórisdóttir (sign.),

Guðmundur Kristinsson (sign.),

Þorgrímur Kristinsson (sign.),

Kristján Gunnlaugsson (sign.),

Sveinn Björnsson (sign.).